



Reykjavík, 10. júlí 2023

Niðurstöður könnunar- og matsferlis hjá Landsbankanum hf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands leggur mat á áhættuþætti í starfsemi fjármála-fyrirtækja í könnunar- og matsferli (e. Supervisory Review and Evaluation Process, SREP) og með hvaða hætti fjármálafyrirtæki meðhöndlar þá í starfseminni, sbr. lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Hjá þeim fjármálafyrirtækjum sem metin eru kerfislega mikilvæg fer slíkt mat fram árlega.

Í ferlinu er meðal annars lagt mat á viðskiptaáætlun, stjórnarhætti og innra eftirlit, útlána- og samþjöppunaráhættu, markaðsáhættu, rekstraráhættu, lausafjár- og fjármögnunaráhættu og álagspróf. Við mat á þessum áhættuþáttum er stuðst við [Almenn viðmið og aðferðafræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum \(SREP\)](#) sem eru byggð á viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um sama efni. Jafnframt er höfð hliðsjón af ýmsum öðrum viðmiðunarreglum.

Könnunar- og matsferlið leiðir til niðurstöðu um það að hve miklu leyti þær ráðstafanir sem hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki hefur gripið til vegna áhættuþátta séu nægjanlegar, hvort stjórnun þess sé traust og hvort eiginfjárgrunnur sé fullnægjandi með hliðsjón af þeim áhættuþáttum sem felast í starfseminni. Á grundvelli könnunar- og matsferlisins hefur fjármálaeftirlitið meðal annars heimild til að mæla fyrir um hærra eiginfjárhlutfall en sem nemur hinu 8% lögbundna lágmarki, endurbætur á innri ferlum, niðurfærslu á eignum við útreikning á eiginfjárgrunni, hömlur eða takmörkun á starfsemi hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis og að dregið sé úr áhættu sem starfsemi þess felur í sér. Þá getur fjármálaeftirlitið komið ýmsum athugasemdum og ábendingum á framfæri í ferlinu.

Landsbankinn hf. skilaði fjármálaeftirlitinu mati sínu á eiginfjárbörf, miðað við 31. desember 2022, með svokallaðri ICAAP/ILAAP-skýrslu í mars 2023. Í kjölfar móttöku skýrslunnar hófst fjármálaeftirlitið handa við að kanna efni hennar og greina upplýsingar sem þar komu fram og afla frekari upplýsinga auk þess sem byrjað var að leggja mat á helstu áhættuþætti í starfsemi bankans. Fjármálaeftirlitið sendi bankanum drög að niðurstöðum könnunar- og matsferlisins í byrjun júní og fékk bankinn tækifæri til að koma á framfæri andmælum, sbr. IV. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Andmæli bankans bárust síðar sama mánaðar. Fjármálaeftirlitið hefur nú lokið þeim þætti könnunar- og matsferlisins sem snýr að mati á eiginfjárbörf og sendi Landsbankanum hf. bréf um niðurstöðuna í lok júní 2023.

Viðbótarkrafa um eiginfjárgrunn Landsbankans hf.

Niðurstaðan var að Landsbankinn hf. skyldi frá og með 30. júní 2023 viðhalda viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn sem nemur 2,8% af áhættugrunni (stoð II-R). Viðbótarkrafan kemur til vegna útlána-, mótaðila- og samþjöppunaráhættu, markaðs- og fastvaxtaáhættu og annarrar áhættu, sem ekki var nægjanlega tekið tillit til við útreikning á grunnkröfu um eiginfjárgrunn (stoð I). Viðbótarkrafan skiptist þannig að almennt eigið fé þáttar 1 skal nema að lágmarki 1,6% af áhættugrunni og þáttur 1 í heild skal nema að lágmarki 2,1% af áhættugrunni.

Viðbótareiginfjáarkrafan kemur til viðbótar grunnkröfu um eiginfjárgrunn og samanlagðri kröfu um eiginfjárouka:

- Grunnkrafa um eiginfjárgrunn (stoð I) nemur 8% af áhættugrunni. Af kröfunni skal almennt eigið fé þáttar 1 nema að lágmarki 4,5% af áhættugrunni og þáttur 1 í heild skal nema að lágmarki 6% af áhættugrunni.
- Samanlögð krafa um eiginfjárouka nemur 9,3% af áhættugrunni og skal henni vera að fullu mætt með almennu eigin fé þáttar 1. Samanlögð krafa um eiginfjárouka tekur mið af samsetningu innlendra og erlendra áhættuveginna eigna, sem er ólík á milli banka.

Miðað við hækkun sveiflujöfnunarauka 16. mars 2024 verður hin samanlagða krafa um eiginfjárouka að öllu óbreyttu 9,8%. Mælist fjármálaeftirlitið til þess að bankinn viðhaldi eigin fé í samræmi við fyrirhugaða hækkun sveiflujöfnunarauka.

Heildarkrafa um eiginfjárgrunn Landsbankans hf., á samstæðugrunni, nemur því 20,1% af áhættugrunni og samanstendur af grunnkröfu um eiginfjárgrunn, viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn og samanlagðri kröfu um eiginfjárouka.